

Tillaga USVS fyrir sambandsráðsfund UMFÍ 10. október árið 2026 á Ísafirði.

Tillaga

Lagt er til að UMFÍ verði falið að kanna möguleika á sérstökum kjarasamningi fyrir starfsfólk innan ungmennafélagshreyfingarinnar og aðildarfélaga hennar. Hann verði hugsaður sem viðmið fyrir íþróttahéruð og aðildarfélög við ákvörðun launa og starfskjara starfsfólks og þjálfara. Við gerð hans verði meðal annars tekið mið af menntun, starfsreynslu, ábyrgð, umfangi starfs, aldri og öðrum þáttum sem eðlilegt er að hafi áhrif á réttindi og skyldur.

Greinargerð

Innan ungmennafélagshreyfingarinnar starfar fjöldi fólks - stjórnendur, þjálfarar, aðstoðarþjálfarar og annað starfsfólk - við afar ólíkar aðstæður hvað varðar laun og starfskjör. Í dag er engin samræmd viðmiðun til staðar sem íþróttahéruð og aðildarfélög þeirra geta stuðst við þegar starfsfólk er ráðið, sem leiðir til þess að kjör og starfskjör eru oft ákvörðuð með ómarkvissum hætti, jafnvel innan sömu starfsstétta. Þetta getur skapað ójafnræði milli félaga og svæða, dregið úr gagnsæi í ráðningarferlum og gert félögum erfiðara fyrir að laða til sín og halda í hæft starfsfólk og þjálfara.

Með auknum umsvifum íþróttahreyfingarinnar og vaxandi kröfum um fagmennsku í starfi með börnum og ungmennum er mikilvægt að félög hafi aðgang að skýrum og réttlátum viðmiðum þegar kemur að launasetningu. Slíkt viðmið myndi ekki aðeins gagnast starfsfólki með því að tryggja sanngjörn og fyrirsjáanleg kjör, heldur einnig félögunum sjálfum, sem fengju í hendur verkfæri til að taka upplýstar og samræmdar ákvarðanir - óháð stærð félags eða svæðis.

Með tillögunni er lagt til að UMFÍ verði falið að kanna möguleika á slíku viðmiði - ekki að þvinga fram bindandi samning, heldur að hefja vinnu við að meta hvað sé raunhæft og æskilegt í þessum efnum, í samráði við íþróttahéruð og aðildarfélög. Þannig fær hreyfingin tækifæri til að stíga fyrsta skrefið í átt að samræmdari og faglegri umgjörð um starfskjör innan ungmennafélagshreyfingarinnar, sem til lengri tíma litið styrkir bæði réttindi starfsfólks og getu félaganna til að byggja upp öflugt og stöðugt starf.